

Skeljungur vinnur stöðugt að því að draga úr umhverfisáhrifum sem rekstur félagsins kann að hafa í för með sér og vernda og hlúa að umhverfinu með því að draga úr umhverfisáhrifum og haga vinnu í málaflokknum samkvæmt alþjóðlega staðlinum ISO 14001 um umhverfisstjórnun. Skeljungur stuðlar að aukinni umhverfisvitund með fræðslu og þáttöku starfsfólks í umbótum, meðal annars með því að fylgjast með þróun og nýjungum í umhverfismálum og innleiða inn í reksturinn. Skeljungur uppfyllir kröfur sem settar eru fram í starfsleyfum, lögum og reglum um umhverfismál. Umhverfisstjórnunarkerfi Skeljungs er vottað samkvæmt alþjóðlega ISO 14001 staðlinum.

Umhverfismarkmið Skeljungs eru eftirfarandi:

- Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda
- Auka framboð á umhverfisvænum vörum.
- Auka aðgengi skráðs kolefnisspor seldra vara á mínum síðum hjá Skeljungu
- Öll úrgangsolía skal fara í endurvinnslu og mengaður úrgangur í förgun á viðurkenndum móttökustöðvum.
- Kolefnisjafna losun frá rekstri Skeljungs með alþjóðlega vottuðum kolefniseiningum.
- Kappkosta að viðhafa stöðugar umbætur í umhverfismálum með mælingum og eftirfylgni þátta sem varða forvarnir gegn mengun.

Stefnan skal kynnt fyrir starfsfólki og vera aðgengileg á ytri vef félagsins. Stefnan skal vera rýnd árlega og ber forstjóri ábyrgð á framfylgd hennar.